VIÐAUKI I

Almenn skilyrði um notkun aukefna í matvælum.

1. Einungis er heimilt að veita leyfi til notkunar aukefna þegar:
   a) sannað þykir að tæknileg þörf sé fyrir notkun efnanna og að settu marki verði ekki náð með öðrum leiðum sem eru tæknilega og fjárhagslega hagkvæmar;
   b) þegar sýnt er fram á að heilsu neytenda stafar engin hætta af efnunum í þeim mæli sem þau eru notuð, að svo miklu leyti sem unnt er að dæma um það út frá vísindalegum upplýsingum sem fyrir hendi eru;
   c) notkun þeirra þjónar hagsmunum neytenda og er á engan hátt villandi.

2. Notkun aukefna kemur aðeins til greina þegar sýnt er að hún hafi sannanlegan ávinning fyrir neytendur. Með öðrum orðum ber að sýna fram á það sem almennt er kallað þörf fyrir notkun aukefna. Þegar ekki er nægjanlega hagkvæmt fjárhags- eða tæknilega að ná settu marki á annan hátt og ef heilsu neytenda stafar engin hætta af skal notkun efnanna vera í samræmi við eitt eða fleiri markmið í eftirfarandi liðum:
   a) að varðveita næringargildi matvæla. Einungis er réttlætanlegt að draga úr næringargildi matvæla ef þau eru ekki veigamikill þáttur í mataræði eða ef um er að ræða matvæli fyrir neytendahópa með sérstakar fæðuþarfir;
   b) að sjá fyrir nauðsynlegum efnisþáttum við framleiðslu matvæla fyrir neytendahópa með séstakar fæðuþarfir;
   c) að auka geymsluþol eða stöðugleika og bæta skynræna eiginleika, án þess þó að breyta gæðum og eiginleikum vörunnar, þannig að neytendur verði ekki blekktir;
   d) að auðvelda framleiðslu, vinnslu, tilreiðslu, meðferð, pökkun, flutning eða geymslu matvæla, án þess þó að aukefni villi um varðandi gæði hráefna eða vörunnar.

3. Meta skal hvort aukefni geti valdið heilsutjóni í þeim mæli sem þau eru notuð. Taka skal mið af hámarksmagni aukefna í neysluvörum með sérstakri hliðsjón af daglegu neyslugildi efnanna (ADI-gildi) og þeirri þekkingu sem hverju sinni liggur fyrir um eiturefnafræðilega þætti. Jafnframt skal athuga áhrif aukefna með tilliti til ofnæmis eða óþols.

4. Stöðugt skal fylgjast með notkun aukefna í matvælum. Endurmeta skal notkun þeirra gerist þess þörf í ljósi breyttrar notkunar eða upplýsinga sem fram hafa komið.

5. Notkun aukefna er ávallt háð því að skilyrðum um eiginleika og hreinleika þeirra sé fullnægt, sbr. ákvæði 6. greinar.

6. Þegar veitt er leyfi til notkunar aukefna skal eftirfarandi koma fram:
   a) hvaða vörutegund eða matvælaflokk efnið er leyft í og hvaða skilyrði eru sett fyrir notkun þess;
   b) hámarksmagn efnisins og skal leyfið bundið við minnsta magn sem þarf til að ná fram tilætluðum áhrifum;
   c) að tekið sé tillit til daglegs neyslugildis eða sambærilegra viðmiðana sem gilda um aukefnið og líklegrar daglegrar neyslu efnisins úr öllum fæðutegundum. Þegar aukefni er notað í matvæli fyrir tiltekinn hóp neytenda, skal taka tillit til daglegrar neyslu efnisins hjá þeim neytendum.